

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis
við Helguvík í landi Reykjanesbæjar.**

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 2. júní 2015 samþykkt breytingu á deiliskipulagi hafnar- og iðnaðarsvæðis við Helguvík í landi Reykjanesbæjar.

Deiliskipulagssvæðið er um 76,8 ha og afmarkast af sjónum að austan, Sveitafélaginu Garði að norðan, aðliggjandi iðnaðarlóðum að vestan og hafnarsvæði að sunnan. Helsta breytingin á deiliskipulaginu felur í sér að gert er ráð fyrir lóð undir verksmiðju til framleiðslu á kísilmálm í að Berghólabraut 8 við Helguvík.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reykjanesbæ, 22. júlí 2015.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 29. júlí 2015